

**149. löggjafarþing 2018–2019.**  
**Þingskjal 1060 — 647. mál.**  
**B.t. Atvinnuveganefndar.**

**Umsögn frá Veiðifélagi Vatnsdalsár í A. Hún..**

Heildarframleiðsla í laxeldi árið 2017 var 11.265 tonn. Í september 2018 var búið að gefa út rekstrarleyfi fyrir framleiðslu á samtals fyrir 45.200 tonnum af laxi og einhver leyfi hafa verið gefin út síðan. Öllum má ljóst vera að **hér er um gífurlega aukningu að ræða** og því ástæða að **staldra við og kanna áhrifin**. Þessar upplýsingar koma fram í greinagerð með framangreindu fiskeldisfrumvarpi sem nú liggur fyrir alþingi.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar frá 30. nóvember 2017 segir að fiskeldi sé vaxandi atvinnugrein sem feli í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þurfi að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað.

**Það er engin varúð að fjórfalda eldi á fáum mánuðum og umsóknir liggja fyrir um enn stórfelldari aukningu.**

Veiðifélag Vatnsdalsár kt. 680269-2709 leggur til að önnur grein framangreinds frumvarps orðist svo.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

**Ekki verða veitt fleiri leyfi til fiskeldis við strendur Íslands en þegar hafa verið veitt við gildistöku laga þessara.**

Fleiri orð þarf ekki að hafa. Auðvitað mætti setja tímamörk inn í lagatextann t.d. að starfsleyfi yrðu ekki gefin út í 3-5 ár meðan verið væri að kanna áhrifin af því eldi sem þegar hefur verið leyft.

Verði ekki fallist á þessa tillögu gerir Veiðifélag Vatnsdalsár **þá varakröfu** að tryggt verði að eldisleyfi verði ekki gefin út í **Ísafjarðardjúpi eða í Jökulfjörðum**. Sannað er að sá villti lax, sem er uppalinn í Húnvetnsku veiðíanum, gengur um Ísafjarðardjúp á leið sinni á uppeldisstöðvarnar. Eldi þar á frjóum norskum laxi getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir Húnvetnska laxastofna.

**Lærum af Norðmönnum.**

Norðmenn gera þá kröfu eingöngu sé notaður norskur eldislax í eldi þar við land. Ýmsir alþingismenn hafa ýtrekað sagt að þeir vilji læra af Norðmönnum hvernig haga skuli eldi. Því

ætti að gera þá kröfu að hér við land verði eingöngu notaður lax af Íslenskum stofni, eða að eingöngu verði notaður ófrjór lax í eldi í sjókvíum.

**Að lokum gerir Veiðifélag Vatnsdalsár eftirfarandi kröfur.**

1. Lögfest verði að áhættumat erfðablöndunar verði alfarið á vegum vísindamann HAFRÓ
2. Skylt verði laxeldisfyrirtækjum að vera með umhverfistryggingar.
3. Sjálfstæður eftirlitsaðili, sem er óháður leyfisútgefendum, annist eftirlit.

Blönduósi 28.3. 2019

f.h. Veiðifélags Vatnsdalsár  
Magnús Ólafsson formaður  
s. 898 5695 netf. [mao@centrunm.is](mailto:mao@centrunm.is).